

12

vegvísar að
snjallara uppeldi

1 Mundu eftir barninu þegar það er fyrir framan þig. Reyndu að gefa snjallsímanum frí eins og kostur er, t.d. á matmálistímum.

2 Snjallsímar geta verið frábærir. Vel má nota þá til að styrkja uppbyggileg og jákvæð samskipti. Það má gera t.d. með því að senda af og til falleg smáskilaboð.

3 Hafðu í huga að það varst þú sem keyptir snjallsímann og/eða samþykktir kaupin. Það er því þitt hlutverk, ekki annarra, að taka ábyrgð á snjallsímanotkun barnsins.

4 Barnið þarf að læra að feta sig í þeim heimi sem fylgir snjallsímanum. Mikilvægt er að ræða við það um neteinelti, aldurstakmörk, siðferði á netinu o.s.frv.

5 Eitt af hlutverkum foreldra er að setja reglur. Settu reglur varðandi notkun á snjallsímanum. Gættu þess að reglurnar séu sanngjarnar og að barnið hafi eitthvað um þær að segja.

6 Reyndu að vera fyrirmynd. Mikilvægt er að sýna gott fordæmi og kenna barninu hvar og hvernig viðeigandi er að nota símann.

7 Tungumál barna er annað en þeirra fullorönu. Skammstafanir eru sem dæmi algengt snjallsímatungumál. Gott er að setja sig inn í tungumál barnanna til að skilja þau.

8 Gott er að fylgja barninu á þeim samskiptamiðlum sem það er á. Snjallsímann er hægt að nota til að skoða þær færslur sem þar eru.

9 Mikilvægt er að kenna barninu að varðveita persónuupplýsingar, s.s. viðkvæmar ljósmyndir, notendanofn og lykilorð.

10 Myndavél símans er frábær til að varðveita falleg augnablik. Gættu samt að því að barnið á rétt á einkalífi. Fáðu leyfi hjá barninu ef þú vilt taka mynd af því og birta á þínum samfélagsmiðli.

11 Reyndu að minnka áreiti á heimilinu eins og kostur er. Stilla má síma á hljótt sem og gott er að venja sig á að hafa snjallsímann á öðrum stað en í svefnherberginu þegar farið er að sofa.

12 Gott er að fá að skoða reglulega þau forrit sem eru í snjallsíma barnsins. Þannig öðlast þú aukna meðvitund um hvað barnið er að gera með og í símanum.

